

1871.

24. maí.

boðum þessum á Íslandi, og skal þess getið, að dómsmálastjórninni finnst ekki fyrir sitt leyti vera ástæða til, að minnsta kosti nú sem stendur, að leggja neitt af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvarp, samkvæmt konungsráði 4. janúar 1861.

25. maí.

### 38. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bártust stjórnarráðinu með bréfi yðar, dagsettu 2. þ. m., um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir eru fyrir þetta fjárhagsár til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestaekku útaf fyrir sig:

Uppgjafapresti Guðlögi Sveinbjarnarsyni (frá Hvammi) . . . . .	15 rd.
— Þorleifi Jónssyni (frá Hvammi) <sup>1</sup> . . . . .	25 -
Prestsekkju Guðlögu Eiríksdóttur (frá Reynivöllum) . . . . .	15 -
— Rannveigu Vigfúsdóttur (frá Staðarhrauni) . . . . .	15 -
— Ingibjörgu Thorgrimsen (frá Saurbæ) . . . . .	10 -
— Helgu Jónsdóttur (frá Gilsbakka) . . . . .	30 -
— Helgu Guðmundsdóttur (frá Borg) . . . . .	15 -
— Salbjörgu Jónsdóttur Reykdal (úr Miðdala þingum) . . . . .	20 -
— Helgu Arnfinnsdóttur (ekku Jóns heitins Jónsonar, kapelláns að Breiðabólstað í Vesturhópi) . . . . .	8 -
— Sigríði Oddsdóttur (úr Dýrafjarðar þingum) . . . . .	10 -
— Guðrúnu Vernharðsdóttur (frá Eyri í Skutulsfirði) . . . . .	15 -
— Oddnýju Ingvarsdóttur (úr Sólheima þingum) . . . . .	20 -
— Elinu Einarsdóttur (frá Þingeyra klaustri) . . . . .	30 -
— Marenu Nielsdóttur (frá Höskuldstöðum) . . . . .	10 -

<sup>1)</sup> Hann var prófastur í Dalasýslu.

Prestsekkju	Valgerði Einarsdóttur (frá Grimsey) . . .	8 rd.	1871.
—	Guðríði Helgadóttur (frá Svalbarði) . . .	12 -	25. maí.
—	Sigríði Jónsdóttur (frá Skinnastöðum) . . .	10 -	
—	Guðlögu Guttormsdóttur (frá Skeggjastöðum) . . .	10 -	
—	Kristínu Gunnarsdóttur (frá Desjarmýri) . . .	7 -	
—	Þorbjörgu Jónsdóttur (frá Kolfreyjustað) . . .	18 -	
—	Margrætu Magnúsdóttur (frá Skorastað) . . .	10 -	
—	Guðrúnu Þorvaldsdóttur (frá Reynivöllum) . . .	5 -	
—	Íngveldi Jónsdóttur (frá Hofteigi) . . . .	10 -	
—	Valgerði Bjarnadóttur (frá Kirkjubæjar klaustri) . . .	10 -	
—	Guðrúnu Ingvarsdóttur (frá Eyvindarhólum) . . .	20 -	
—	Guðnyju Jónsdóttur (frá Kálfholti) . . . .	15 -	
—	Solveigu Markúsdóttur (frá Stokkseyri) . . . .	10 -	
—	Kristínu Eiríksdóttur (úr Efriholta þingum) . . . .	12 -	
—	Margrætu Narfadóttur (frá Glæsibæ) . . . .	40 -	
—	Guðrúnu Jónsdóttur (frá Mosfelli) . . . .	15 -	
—	Þórunni Ásgrímsdóttur (frá Helgafelli) . . . .	10 -	
—	Kristjönu Einarsen (frá Stafholti) . . . .	10 -	
—	Kristínu Jónsdóttur (frá Þykkvabæjar klaustri) . . .	10 -	
—	Helgu Pálsdóttur (frá Reynivöllum) . . . .	10 -	
—	Elínu Ó. Scheving (frá Vogsósum) . . . .	10 -	

Þetta skal yður hærmeð til vitundar gefið, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörð það þeim, sem hlut eiga að máli, og um leið og vèr vísum til bréfs stjórnarráðsins 15. júlí 1865, skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

### 39. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi, um kostnað við kennslu ómála barna. 25. maí.

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 12. þ. m. allra-